

Austurlandi 06.12.2018

Djúpavogshreppur
Bt. sveitastjóra

Efni: Lok Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands

Á aðalfundi SSA í haust var eftirfarandi ályktun samþykkt:


Atvinnuþróunarsjóður

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 samþykkir að leggja niður Atvinnuþróunarsjóð Austurlands frá næstu áramótum og fela stjórn að ganga frá því að leysa sjóðinn upp og ráðstafa eigum hans ef einhverjar eru. Stjórn SSA hefur farið með stjórn sjóðsins síðustu þrjú ár. Atvinnuþróunarsjóður hefur einungis farið með tvö verkefni sem samþykkt voru af sveitarfélögunum á starfssvæði SSA til þriggja ára, markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og fjárhagslega endurreisn Austurbrúar. Um komandi áramót eru þau þrjú ár liðin. Því er samþykkt að leysa upp sjóðinn enda breyttir tímar og fleiri möguleikar til að sækja um styrki til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar heldur en þegar til hans var stofnað í upphafi.

Nú er unnið að undirbúningi slita Atvinnuþróunarsjóðs um næstu áramót á grundvelli ályktunarinnar.

Atvinnuþróunarsjóður heldur á 22,4% eignarhluti í Kvennasmiðjunni ehf. skv. ársreikningi sjóðsins í árslok 2017. Í ljósi þess að ekki hefur verið starfsemi í félaginu undanfarin ár þá er þess farið á leit við meirihlutaeiganda að hlutafé í Kvennasmiðjunni ehf. að félagið verði leyst upp og hreinni eign félagsins ráðstafað í samræmi við samþykktir þess.

Virðingarfyllst:



Jóna Árný Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri Austurbrúar

